Amma og Drauganir



Hún amma mín gamla , lá úti í gljúfri,
dimmt var það gljúfur og draugalegt mjög.



(Viðlag)
En amma mín mælti og útaf hún hallaði sér:
„Ég læt engan svipta mig svefni í nótt; sama hver draugurinn er.“



Kom þar hún Skotta með skotthúfu ljóta.
Tönnum hún gnísti, glotti og hló.
En amma mín mælti....



Kom þar hann Móri í mórauðri treyju,
ofan sitt höfuð af hálsinum tók.

En amma mín mælti ...



Loks kom hann afi að leita að ömmu.
„Æ, ertu hér,“ sagði hann,
„elskan mín góð“.

En amma mín mælti ...